



Kópavogi 6. febrúar 2026

Kæru foreldrar/forsjáradilar

Sáttmáli um símafrí í skóla- og frístundastarfi á skólatíma í grunnskólum Kópavogs var samþykktur í menntaráði Kópavogs 3. febrúar 2026.

Sáttmállinn var unninn í samráði við fulltrúa nemenda, foreldra, kennara og skólastjórnenda. Markmið sáttmálans er að stuðla að námsfriði, vellíðan og jákvæðu félagslegu umhverfi í skólunum. Ungmennaráð Kópavogs var lykilaðili í samráðsferlinu.

Sáttmállinn er sameiginleg yfirlýsing skólasamfélagsins þar sem nemendur, foreldrar, starfsfólk og stjórnendur standa saman um skýrar og samræmdar áherslur varðandi símanotkun á skólatíma. Með honum er stuðlað að jafnræði milli skóla og dregið úr neikvæðum áhrifum skjánotkunar á nám, samskipti og líðan barna.

Helstu áherslur sáttmálans:

- Nemendur í 1.– 7. bekk geyma síma og símaúr heima eða á hljóðlausri stillingu í skólatösku.
- Nemendur í 8.– 10. bekk bera aukna ábyrgð á eigin símanotkun og tryggja að sími eða símaúr truflí hvorki þá sjálfa né aðra. Síminn er geymdur á hljóðlausri stillingu í skólatösku, eða þar sem hann truflar nemendur ekki í daglegu skólastarfi.
- Frímínútur eru skjálausar og ætlaðar til leiks, hreyfingar, samveru og samskipta.
- Fullorðnir eru fyrirmyndir og leitast við að nota ekki persónulega síma í auglýsningu nemenda nema nauðsyn beri til.
- Lögð er áhersla á fræðslu og samtal um ábyrga skjánotkun fremur en algjört bann við tækni.

Sáttmállinn byggir á trausti, samvinnu og sameiginlegri ábyrgð.

Næstu skref

Markvisst verður unnið að innleiðingu sáttmálans á næstu vikum. Fulltrúar í ungmennaráði og nemendaráðum grunnskólanna taka þátt í að kynna sáttmálann og fylgja honum eftir í sínum skólum, undir leiðsögn og í samstarfi við skólastjórnendur.

Í tengslum við kynningarnar verða unnin veggspjöld og myndefni sem skólarnir geta nýtt til að styðja við samtal, fræðslu og vitundarvakningu meðal nemenda og starfsfólks.

Þá fá allir grunnskólar í Kópavogi fjármagn til kaupa á spilum, leiktækjum eða annarri afþreyingu að eigin vali. Hugmyndin er að börn og ungmenni fái tækifæri til að velja sjálf í hvað fjármagnið fer með kosningunni „Okkar símalausi skóli“.

Sameiginlegt verkefni

Með sáttmálanum er viðurkennt að breyta þurfi venjum og menningu varðandi símanotkun á skólatíma. Breytingar sem þessar geta tekið tíma og það er sameiginlegt verkefni allra aðila í skólasamfélaginu, nemenda, starfsfólks og foreldra, að innleiða nýjar venjur, senda samræmd skilaboð og eiga opið samtal um símanotkun, byggt á gagnkvæmri virðingu.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Við hvetjum foreldra til að kynna sér efni sáttmálans og ræða við börnin um símanotkun, bæði á skólatíma og utan skóla. Á næstunni verður jafnframt aðgengilegt fræðsluefni fyrir foreldra um ábyrga stafræna notkun á <https://vitundin.is/>

Með vinsemd og þökkum fyrir gott samstarf,

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs

Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs